



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 11. október 2021
VEL2021100008

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga varðandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Á fundi velferðarráðs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Enginn kostnaðarauki fylgir framangreindri tillögu.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nýjar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu kalla á breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Þá er einnig lagt til að gerðar séu breytingar sem lúta að afnámi skilyrðis um lágmarks búsetu í Reykjavík, árlegar breytingar á tekju- og eignamörkum til samræmis við reglugerð, breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar sem nú fer fram miðlægt í borginni, afturköllun á framsali stjórnsýsluvalds til Félagsbústaða og ítarlegra ákvæði um heimildir áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar auk þess sem ítarlegar er kveðið á um varðveislu gagna, trúnað og aðgang að gögnum í samræmi við persónuverndarlög.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að tekið var tillit til tillögu fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði í breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Breyting sem lögð var til af fulltrúa Flokks fólksins var þannig að ekki verði litið til þess hvort meira en sex mánuðir eru eftir af leigusamningi þegar metið er hvort umsækjandi skori 0 að 1 stig þegar húsnæðisþörf er metin út frá húsnæðisstöðu. Umsækjendur um félagslegt húsnæði þurfa að skora ákveðið mörg stig í matinu til þess að þeir komist inn á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Í tillögunni var það reifað að það væri skynsamlegt að líta til þess hve mikið er eftir af leigusamningi þegar kemur að úthlutun en það ætti ekki að mynda hindrun fyrir því að fólk komist inn á biðlista. Annars er til staðar óeðlilegur

hvati til þess að fólk segi upp leigusamningum í von um að komast inn á biðlista eftir félagslegu húsnæði, sem e.t.v. er lengri en uppsagnarfrestur leigusamnings. Það ætti því aðeins að hafa þýðingu við mat á því hvort viðkomandi skori 0 eða 1 stig þegar húsnæðisþörf er metin hve íþyngjandi leigukostnaður er. Að því sögðu er ljóst að margar þær breytingar sem eru hér komnar inn eru af hinu góða og auka samgírni.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Gott er að sjá að horfið er frá því skilyrði að lágmarksbúsetulengd skuli hafa verið 12 mánuðir í sveitarfélaginu. Um leið og einstaklingur býr í Reykjavík, þá er hann borgarbúi og hefur skyldur sem slíkur og ætti einnig að eiga rétt. Það er þó litið til þess hvort einstaklingur hafi búið í 12 mánuði í borginni í matsviðum með reglum, þannig að það er ekki alveg verið að hverfa frá því að líta til þess hversu lengi viðkomandi hefur búið í Reykjavík. Þetta getur verið gott fyrir ákveðna hópa í þörf en ekki alla sem eru það. Ljóst er að tryggja þarf nægilegt húsnæði til að mæta fólki í þörf fyrir viðeigandi húsnæði.

Samþykkt velferðarráðs er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu regnanna í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði lögð fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021.

Tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. október 2021, um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, ásamt fylgiskjölum.

Jafnréttisskimun.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði.*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði. Enginn kostnaðarauki fylgir framangreindri tillögu.

Greinargerð:

Lagðar eru fram tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði.

Í meðfylgjandi tillögum að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði er að finna breytingar sem nauðsynlegar eru vegna nýrra reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þá er einnig að finna breytingar sem lúta að skilyrði um lágmarkslengd búsetu í Reykjavík, breytingar á tekju- og eignamörkum, breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar og framsali á stjórnarsýsluvaldi auk ítarlegra ákvæðis um heimildir áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Enginn kostnaðarauki fylgir framangreindri tillögu.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um breytingar á reglum um félagslegt leiguhúsnaði, dags. 6. október 2021.
2. Tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði.
3. Jafnréttisskimun, dags. 14. júní 2021.



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri.

Efni: *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði*

I. Inngangur

Áætlað er að þann 1. febrúar 2022 taki gildi nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ljóst er að gera þarf breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði til samræmis við nýjar reglur sem lúta að húsnæði fyrir fatlað fólk. Auk þess eru lagðar til ýmsar aðrar breytingar sem nánar verður gerð grein fyrir í minnisblaði þessu.

II. Lagagrundvöllur

Reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sbr. og reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.

III. Helstu breytingar

a) Matsviðmið.

Í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík er stuðst við matsviðmið sem veita viðkomandi einstaklingi ákveðinn stigafjölda. Í drögum að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er um að ræða önnur matsviðmið. Horfið verður frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga sem ákvarða ákveðinn fjölda klukkustunda sem umsækjandi á rétt á að fá. Ný nálgun er talin geta mætt stuðningsþörfum umsækjenda betur og veitt meiri sveigjanleika. Gera þarf því nauðsynlegar breytingar á texta reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði til þess að gæta samræmis milli þeirra reglna og reglna um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

b) Skilyrði um lágmarkslengd búsetu.

Fyrir liggur álit félags- og barnamálaráðherra, dags. 9. maí 2019, um lögmæti skilyrðis um lágmarkslengd búsetu í sveitarfélagi til þess að öðlast rétt til félagsþjónustu. Erindið var sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í álitinu beinir ráðherra því til þeirra sveitarfélaga sem sett hafa skilyrði um lágmarksbúsetulengd í sveitarfélaginu til að öðlast rétt til félagslegs íbúðarhúsnæðis að taka slík ákvæði til endurskoðunar þannig að þau samræmist lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laganna skal sveitarfélag sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögunum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Með íbúa sveitarfélags er átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 1. mgr. 13. gr. framangreindra laga.

Með hliðsjón af framangreindu er því lagt til að þau ákvæði sem lúta að því skilyrði að umsækjandi hafi átt lögheimili í Reykjavík í 12 mánuði áður en umsókn er lögð fram verði felld úr gildi. Þá er lagt til að í stað þess að setja skilyrði um lágmarksbúsetulengd í Reykjavík verði horft til lengdar búsetu í matsviðmiðum með reglunum.

c) Tekju- og eignamörk

Í niðurlagsákvæði 4. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um það að fjárhæðir skuli endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega. Er því lagt til að tekju- og eignamörk verði hækkuð í samræmi við 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, sbr. reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

d) Fyrirkomulag úthlutunar

Breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi úthlutana sem felast í því að þjónustumiðstöðvar tilnefna ekki lengur umsækjendur í félagslegt leiguhúsnæði heldur er það hlutverk úthlutunarteymis að leggja mat á umsóknir og forgangsraða umsóknum og úthluta þeim umsækjendum sem eru í mestri þörf hverju sinni. Er því lögð til breyting á 5. mgr. 19. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði í samræmi við framangreint fyrirkomulag.

e) Framsal stjórnarsýsluvalds

Í máli umboðsmanns Alþingis nr. 5544/2008 sem umboðsmaður lauk með álitum, dags. 13. júní 2016, kom fram að þar sem ákvörðun um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis væri stjórnvaldsákvörðun yrði að afturkalla þá ákvörðun áður en kemur að útburði úr húsnæðinu.

Við setningu reglnanna árið 2019 var ákveðið að fela Félagsbústöðum hf. stjórnarsýsluvald í því skyni að einfalda meðferð málanna. Reynslan hefur leitt það í ljós að þetta fyrirkomulag hefur verið ýmsum vandkvæðum bundið í framkvæmd. Er því lagt til að breyting verði gerð á 25. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði í þá veru að stjórnarsýsluvald verði ekki framselt til Félagsbústaða hf.

f) Breytingar í X. kafla um málsmeðferð

Lagt er til að ákvæði 35. gr. reglnanna verði breytt til samræmis við aðrar reglur og að ítarlegra verði kveðið á um varðveislu gagna, trúnað og aðgang að gögnum auk þess sem tilvísun í ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 verði bætt við. Þá er lagt til að ítarlegra ákvæði verði sett í 39. gr. reglnanna um heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum til samræmis við aðrar reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

IV. Gildistaka

Lagt er til að breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði taki gildi þann 1. febrúar 2022.

Fylgiskjal:

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um breytingar á reglum um félagslegt húsnæði.

Umsögn velferðarsviðs, dags. 6. október 2021.

Tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

a., d. og e. liður 1. mgr. og 3. mgr. 4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um almennt félagslegt leiguhúsnæði verði samþykkt á biðlista

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 4. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi.

d. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:

Tekjumörk eru kr. 5.731.000 fyrir einstakling en kr. 8.025.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.433.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 716.500 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.

Eignamörk eru kr. 6.186.000.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

e. Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 1 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera metinn til að lágmarki eftirfarandi stiga:

- 1) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 10 stiga eða meira.
- 2) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 12 stiga eða meira.
- 3) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 13 stiga eða meira.

Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum við Félagsbústaði hf. verður því aðeins samþykkt hafi umsækjandi gert full skil á skuldunum eða um þær hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.

1. mgr. 5. gr.

Undanþágur frá skilyrðum um tekjuviðmið

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. reglna þessara um tekjuviðmið þegar tekjur umsækjanda síðastliðin þrjú ár eru minna en 15% yfir tekjuviðmiði samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglna þessara og umsækjandi á í miklum félagslegum erfiðleikum sem hafa leitt til lækkandi tekna.

1. og 2. tl. b. liðar 1. mgr. 7. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 7. gr. til að umsókn verði samþykkt.

b. Umsækjandi skal uppfylla annan hvorn þessara liða:

- 1) Umsækjandi um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk skal hafa staðfesta fötlunargreiningu¹ og vera með sérstakar eða langvarandi stuðningsþarfir. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 5. flokk eða hærra. Skylt er að hafa hliðsjón af matinu Inter Resident Assessment Instrument-Mental Care (InterRAI-MC) ef það liggur fyrir.
- 2) Umsækjandi um húsnæði með stuðningi skal hafa staðfesta fötlunargreiningu, vera með sérstakar stuðningsþarfir og ekki þurfa á viðvarandi næturþjónustu að halda. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 1. til 4. flokk.

b. og c. liður 1. mgr. 8. gr.

Fylgigögn með umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk

Eftirfarandi gögn skulu liggja fyrir við afgreiðslu umsóknar um húsnæði fyrir fatlað fólk:

- b. Mats- og þarfagreining velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem unnin er í samvinnu við umsækjanda.
- c. Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

a. liður 1. mgr. 11. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónusturþarfir verði samþykkt á biðlista

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 11. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.
- c. Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 3 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera metinn til að lágmarki 5 stiga

b. liður 1. mgr. 13. gr.

Fylgigögn með umsókn um húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónusturþarfir

Fellur úr gildi.

a. liður 1. mgr. 14. gr.

¹ Með fötlunargreiningu er átt við staðfestingu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, viðurkenndri sjúkrastofnun eða teymi fagfólks sem hefur sérfræðipækkingu á fötlun.

Skilyrði fyrir því að umsókn um þjónustuíbúð aldraðra verði samþykkt á biðlista

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 14. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

- a. Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.

15. gr.

Undanþága frá skilyrði um lögheimili

Fellur úr gildi.

5. mgr. 19. gr.

Almennt um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis

Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis byggir á gögnum sem liggja fyrir á úthlutunardegi. Uppfæra ber öll gögn miðað við stöðu umsækjanda á þeim tíma. Einnig ber eftir atvikum að framkvæma endurmat samkvæmt matsviðmiðum. Skal umsækjanda tilkynnt skriflega um ef endurmat leiðir til breytinga á stigagjöf.

20. gr.

Sérákvæði varðandi úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis

Við úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk og húsnæðis fyrir heimilislausla með miklar og flóknar þjónustubarfir skal jafnframt taka mið af stuðningsþörf með hliðsjón af því húsnæði sem í boði er og samsetningu íbúa á viðkomandi heimili.

Við úthlutun almenns félagslegs leiguhúsnæðis og þjónustuíbúða aldraðra skal þess gætt að ekki séu til staðar aðstæður sem hamla því að viðkomandi geti búið í slíku húsnæði, s.s. verulegur vímuefnavandi. Í slíkum tilfellum er gerð krafa um að umsækjandi hafi ekki neytt vímuefnajafa að minnsta kosti síðastliðna sex mánuði áður en til úthlutunar kemur.

25. gr.

Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um úthlutun húsnæðis

Réttur Reykjavíkurborgar til afturköllunar ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki uppfyllir ekki skilyrði reglna þessara, eða brýtur gegn ákvæðum leigusamnings, þjónustusamnings/dvalarsamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti.

Afturköllun ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Afturköllun ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis getur eftir atvikum leitt til uppsagnar eða riftunar á húsaleigusamningi. Um uppsögn og riftun gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

35. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar.

38. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

39. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Öll númer ákvæða uppfærast í samræmi við þau ákvæði sem falla út.

Breytingar á matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði

Staða umsækjanda	Stig
Á ekki við	0
75% öryrki eða fær greiddan endurhæfingarlífeyri	2
Ellilífeyrisþegi	2
Umsækjandi er fatlaður eða með alvarleg íþyngjandi þroskafrávik á sviði tilfinninga-, félags-, vitsmuna- eða hreyfiproska án þess að hafa staðfesta fötlunargreiningu	2
Langvarandi atvinnuleysi og/eða skert starfsgeta. Málefni umsækjanda eru einnig í vinnslu á þjónustumiðstöð eða umsækjandi er í umfangsmikilli endurhæfingu hjá viðurkenndum aðilum	2
Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði	1

Húsnæðisstaða (A)	
Öruggt húsnæði. Meira en sex mánuðir eftir af húsaleigusamningi. Húsnæðiskostnaður* að frádregnum húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi er lægri en 30% af heildartekjum heimilis (miðað er við brúttótekjur)	0
Öruggt húsnæði. Meira en sex mánuðir eftir af húsaleigusamningi. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður. Húsnæðiskostnaður* að frádregnum húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi er hærri en 30% af heildartekjum heimilis (miðað er við brúttótekjur)	1
Er með húsnæði/herbergi, skemur en þrjú mánuðir eru eftir af húsaleigusamningi og ekki er möguleiki á framlengingu	2
Húsnæðisleysi, gistir t.d. hjá vinum og/eða ættingjum eða er á áfangaheimili og hefur lokið a.m.k. sex mánaða samfelldri dvöl	3
Milliflutningur á milli mismunandi tegunda félagslegs leiguhúsnæðis hjá velferðarsviði (þjónustukeðja)	3
Húsnæði uppfyllir ekki kröfur um hollustuhætti að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði samkvæmt mati ráðgjafa	3
*Með húsnæðiskostnaði er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.	

Breytingar á matsviðmiðum varðandi húsnæði fyrir fatlað fólk

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum kafla	
Staða umsækjanda	Stig
Umsækjandi er ekki metinn í þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk	0
Umsækjandi hefur fullnýtt rétt sinn til stuðningsþjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991	1
Umsækjandi þarf stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf ekki á næturvakt að halda	2
Umsækjandi þarf stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf á næturvakt að halda	3
Umsækjandi er með mikla og viðvarandi stuðningsþörf af hálfu eins til tveggja stuðningsaðila allan sólarhringinn	4
Húsnæðisstaða	
Umsækjandi býr í öruggu húsnæði, s.s. í eigin fasteign eða í leiguhúsnæði með leigusamning sem er til lengri tíma en 6 mánaða	0
Umsækjandi býr hjá aðstandendum	1
Umsækjandi býr í óruggu húsnæði	2
Umsækjandi hefur dvalið á stofnun lengur en sex mánuði samfelld og er útskriftarfær	3
Milliflutningur á milli mismunandi tegunda félagslegs leiguhúsnæðis hjá velferðarsviði (þjónustukeðja)	3
Flutningur á milli þjónustuúrræða hjá velferðarsviði, s.s. á milli búsetuendurhæfingar, áfangaheimilis eða heimilis fyrir börn	4
Félagslegar aðstæður	
Á ekki við	0
Nokkur vandkvæði eru bundin stuðningi við umsækjanda vegna félagslegra aðstæðna, s.s. umsækjandi er háður stuðningi annarra.	1
Mikil vandkvæði eru bundin stuðningi við umsækjanda vegna félagslegra aðstæðna, s.s. umsækjandi þarf meiri stuðning en hægt er að veita við núverandi aðstæður.	3
Miklir og langvarandi erfiðleikar vegna félagslegra aðstæðna, s.s. ef umsækjandi fær ekki nauðsynlegan stuðning við núverandi aðstæður.	4
Önnur þjónusta sem umsækjandi hefur	
Umsækjandi hefur ekki sótt um þjónustu frá þjónustumiðstöð	0
Umsækjandi er með stuðningsáætlun og/eða einstaklingsbundna þjónustuáætlun eða aðra þjónustu frá þjónustumiðstöð	2
Umsækjandi er með umfangsmikinn stuðning utan heimilis svo sem skammtímadvöl, sjúkrahúsdvöl, endurhæfing og þess háttar	4

Matsviðmið varðandi húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum kafla	Stig
Staða umsækjanda	
Umsækjandi er ekki metinn í þörf fyrir sértækt húsnæði	0
Umsækjandi þarf stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf ekki á næturvakt að halda	1
Umsækjandi þarf stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf á næturvakt að halda	2
Umsækjandi hefur mikla og viðvarandi stuðningsþörf af hálfu eins til tveggja stuðningsaðila allan sólarhringinn	3
Húsnæðisstaða	
Umsækjandi er með öruggt húsnæði	0
Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði	1
Umsækjandi býr í öruggu húsnæði	2
Umsækjandi er að ljúka afplánun eða dvöl á geðdeild	3
Milliflutningur á milli félagslegs leiguhúsnæðis hjá velferðarsviði	3
Umsækjandi nýtir sér ekki þjónustu neyðarathvarfs og sefur utandyra (staðfest af vettvangs- og ráðgjafateymi)	4
Umsækjandi gistir reglulega í neyðarathvarfi	4
Önnur þjónusta sem umsækjandi hefur	
Á ekki við	0
Umsækjandi fær þjónustu frá þjónustumiðstöð	2
Umsækjandi nýtur jafnframt stuðnings frá öðrum kerfum, s.s. frá heilbrigðiskerfi	3
Umsækjandi nýtir reglubundið þjónustu vettvangs- og ráðgjafateymis	4

Breytingar á matsviðmiðum varðandi þjónustuíbúðir aldraðra

D- Húsnæðisaðstæður	Stig
Góðar húsnæðisaðstæður	0
Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði	1
Húsnæðisaðstæður erfiðar. Umsækjandi býr í öruggu húsnæði en of litlu. Húsnæðið er of stórt og erfitt að ráða við viðhald og rekstur þess. Tímabundinn leigusamningur (til lengri tíma en 6 mánaða). Umsækjandi er húsnæðislaus en gæti keypt hentugt húsnæði	2
Verulega erfiðar húsnæðisaðstæður. Slæmt aðgengi, t.d. erfiðir stigagangar og tröppur. Ófullnægjandi eldunaraðstaða og baðherbergi. Óöruggur eða tímabundinn leigusamningur, ekki möguleiki á framlengingu. Búið að segja upp samningi og umsækjandi þarf að rýma húsnæðið innan 6 mánaða	3
Milliflutningur á milli mismunandi tegunda félagslegs leiguhúsnæðis hjá velferðarsviði (þjónustukeðja)	3
Neyðarástand. Húsnæðisleysi, umsækjandi dvelst á gistiheimili. Umsækjandi býr hjá öðrum tímabundið vegna úrræðaleyfis. Um er að ræða húsnæði sem uppfyllir ekki kröfur um hollustuhætti að mati Heilbrigðiseftirlitis Reykjavíkur. Aðgengi í/að íbúð kemur í veg fyrir að umsækjandi geti farið í endurhæfingu, svo sem félagsstarf, dagdvöl og/eða sjúkraþjálfun	5

Lagt fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Lagt er til að fylgiskjali 1 með reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði verði breytt þannig að ekki verði litið til þess hvort meira en sex mánuðir eru eftir af leigusamningi þegar metið er hvort umsækjandi skori 0 að 1 stig þegar húsnæðisþörf er metin út frá húsnæðisstöðu. Umsækjendur um félagslegt húsnæði þurfa að skora ákveðið mörg stig í matinu til þess að þeir komist inn á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Það kann að vera skynsamlegt að líta til þess hve mikið er eftir af leigusamningi þegar kemur að úthlutun en það ætti ekki að mynda hindrun fyrir því að fólk komist inn á biðlista. Annars er til staðar óeðlilegur hvati til þess að fólk segi upp leigusamningum í von um að komast inn á biðlista eftir félagslegu húsnæði, sem e.t.v. er lengri en uppsagnarfrestur leigusamnings. Það ætti því aðeins að hafa þýðingu við mat á því hvort viðkomandi skori 0 eða 1 stig þegar húsnæðisþörf er metin hve íþyngjandi leigukostnaður er.

Greinargerð:

Í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði er lagt um með stigakerfi til að meta húsnæðisþörf umsækjenda um félagslegt húsnæði og ákveðin viðmið eru svo að umsækjendur komist inn á biðlista. Meðal þeirra þátta sem hafa áhrif við stigamatið er húsnæðisstaða umsækjanda. Þar getur umsækjandi skorað 1-3 stig eftir því hve alvarleg húsnæðisstaða hans er að svo stöddu. Meðal þeirra þátta sem líta ber til við að ákvarða stig eru fjárhæð leigu sem hlutfall af tekjum, gæði húsnæðis, lengd leigusamnings og hvort viðkomandi sé heimilislaus. Þegar metið er hvort viðkomandi skori 0 eða 1 stig þá hefur það mest áhrif hvort húsnæðiskostnaður sé undir eða yfir 30% af heildartekjum heimilis og hvort lengra en 6 mánuðir eru eftir af húsaleigusamningi. Það er gott og gilt að líta til þess hvort stutt sé eftir af leigusamningi umsækjenda til hagsbóta, en t.a.m. þá getur það orðið grundvöllur þess að umsækjandi hljóti 2 stig, ef minna en 3 mánuðir eru eftir af leigusamningi. Hinsvegar þá er það nú svo að ef meira en 6 mánuðir eru eftir af leigusamningi þá skorar umsækjandi 0 stig óháð því hvort húsnæðiskostnaður fer umfram 30% af heimilistekjum. Þarna geta umsækjendur lækkað um stig vegna lengdar leigusamnings þó leugverð sé þeim þung byrði og það kann að leiða til þess að þeir verði ekki samþykktir á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Hér er lagt til að þessu verði breytt. Að sjálfsgöðu á ekki að úthluta húsnæði til þeirra sem þegar leigja húsnæði annarsstaðar en það ætti ekki að standa í vegi fyrir því að viðkomandi fái sæti á biðlista eftir úthlutun. Þegar viðkomandi er kominn inn á biðlista hefur hann betri yfirsýn yfir það hve lengi hann þarf að útvega eigið húsaskjól og getur þá hagað samskiptum sínum við leigusala í samræmi við stöðu sína á biðlista að einhverju leyti. Ef engu er breytt þá er hinsvegar hvati til staðar fyrir fólk til þess að segja upp leigusamningi í von um að komast á biðlista. Þegar á biðlista er komið þá kann raunin að vera sú að bið eftir húsnæði sé lengri en það sem eftir lifir af leigusamningi. Þannig eykst óvissa fyrir leigjendur þegar litið er til lengdar leigusamnings að þessu leiti. Eftir sem áður er það jákvætt að litið sé til þess hvort skammur tími sé eftir af leigusamningi og að það geti

aukið stigafjölda umsækjenda en ekki á að líta til þess að langur tími sé eftir af leigusamningi þegar samningur er umsækjanda óhagstæður og húsnæðiskostnaður fer fram úr 30% af heimilistekjum.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 410. fund velferðaráðs þann 6. október 2021
VEL2019090035
RÁ/hs

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði.*

Á fundi borgarráðs þann 26. september 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði:

Lagt er til að fylgiskjali 1 með reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði verði breytt þannig að ekki verði litið til þess hvort meira en sex mánuðir eru eftir af leigusamningi þegar metið er hvort umsækjandi skori 0 að 1 stig þegar húsnæðisþörf er metin út frá húsnæðisstöðu. Umsækjendur um félagslegt húsnæði þurfa að skora ákveðið mörg stig í matinu til þess að þeir komist inn á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Það kann að vera skynsamlegt að líta til þess hve mikið er eftir af leigusamningi þegar kemur að úthlutun en það ætti ekki að mynda hindrun fyrir því að fólk komist inn á biðlista. Annars er til staðar óeðlilegur hvati til þess að fólk segi upp leigusamningum í von um að komast inn á biðlista eftir félagslegu húsnæði, sem e.t.v. er lengri en uppsagnarfræstur leigusamnings. Það ætti því aðeins að hafa þýðingu við mat á því hvort viðkomandi skori 0 eða 1 stig þegar húsnæðisþörf er metin hve íþyngjandi leigukostnaður er.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. september 2019. Á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 var tillögunni vísað til starfshóps um endurskoðun á reglum um félagslegt leiguhúsnæði.

Umsögn:

Umsóknir um almennt félagslegt leiguhúsnæði eru metnar til stiga eftir ákveðnum matsviðmiðum og þarf umsókn að vera metin til ákveðinna fjölda stiga, eftir fjölskyldustærð, til að vera samþykkt á biðlista. Í matsviðmiði vegna almenns félagslegs leiguhúsnæðis er horft til stöðu umsækjanda og maka, tekna á ársgrundvelli, barna og félagslegra aðstæðna. Við mat

á félagslegum aðstæðum er horft til húsnæðisstöðu, sérstakra aðstæðna barna og félagslegs vanda umsækjanda.

Við vinnslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði eru gefin 1-3 stig við mat á húsnæðisstöðu. Ávallt er gefið 1 stig ef húsnæðiskostnaður er hærri en 30% af heildartekjum heimilis óháð því hvort umsækjandi er með *öruggan húsaleigusamning*, þ.e. þar sem meira en sex mánuðir eru eftir af húsaleigusamningi. Ljóst er að það kemur ekki nógu skýrt fram í texta matsviðmiðanna hvað varðar húsnæðisstöðu umsækjanda að ávallt sé gefið 1 stig ef húsnæðiskostnaður er hærri en 30% af heildartekjum heimilis.

Unnt væri að breyta orðalagi í matsviðmiðum á fylgiskjali 1 með reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði á þann veg að í þeim hluta matsins sem gefur 1 stig yrði bætt inn í lýsinguna að umsækjandi sé í öruggu húsnæði og meira en sex mánuðir séu eftir af húsaleigusamningi. Textinn gæti því hljóðað svo:

Öruggt húsnæði. Meira en sex mánuðir eftir af húsaleigusamningi. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður. Húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi er hærri en 30% af heildartekjum heimilis (miðað er við brúttótekjur). = 1 stig*

Rauður texti er viðbót.

Framangreind breyting hefði ekki kostnaðarauka í för með sér.

*Með húsnæðiskostnaði er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	14. júní 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Gunnsteinn R. Ómarsson
Verkefni/tillaga:	Tillögur að breytingum á reglum um félagslegt leiguhúsnæði
Þjónustubáttur:	Félagslegt leiguhúsnæði
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Á ekki við
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Áætlað er að þann 1. febrúar 2022 taki gildi nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ljóst er að gera þarf breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði til samræmis við nýjar reglur sem lúta að húsnæði fyrir fatlað fólk auk annarra nauðsynlegra breytinga. Tillagan er fjölbætt en miðar að því að mæta stuðningsþörfum leigjenda og veita meiri sveigjanleika. Hér á eftir eru þau atriði regnanna upptalin sem taka breytingum skv. tillögunni; a) Matsviðmið – horfið verður frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga m.t.v. í nýjar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu, b) Skilyrði um lágmarkslengd búsetu – ekki er lengur gerð krafa um lágmarkslengd búsetu í Reykjavík, c) Tekju- og eignamörk – tekju- og eignamörk verða hækkuð, d) Fyrirkomulag úthlutunar – fyrirkomulag úthlutana hefur verið gert skilvirkara með nýju úthlutunarteymi, e) Framsal stjórnarsýsluvalds – stjórnarsýsluvald vegna úthlutunar félagslegs leiguhúsnæðis verði ekki framselt til Félagsbústaða hf., f) Breytingar í X. kafla um málsmeðferð – breytingar sem innifela meiri sveigjanleika til undanþága til samræmis við aðrar reglur Reykjavíkurborgar.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Tillagan miðar að því að einfalda regluverk sem snýr að úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg til hagsbóta fyrir öll kyn og jaðarsetta hópa.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Umsækjendur og leigjendur félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega fatlað fólk.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan hefur engin hamlandi áhrif í för með sér á stöðu kynja gagnvart verklagi við úthlutun og leigu félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg. Eins og fram kemur í umfjöllun um tillöguna og markmið hennar hér að ofan miða breyttar reglur að mæta stuðningsþörfum leigjenda/umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði og veita meiri sveigjanleika. Það má því segja að jaðarsettir hópar séu settir í forgang með þeim breytingartillögum sem hér eru settar fram.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.